

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. júlí 2022 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Kirkjusandur 2

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Kirkjusandur 2, birtist í Fréttablaðinu fimmtudaginn 21. júlí 2022. Tillagan er í kynningu frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kirkjusandur-2>

Kirkjusandur 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst m.a. breytt landnotkun, breyttir byggingarreitir og aukið byggingarmagn. Heimilt verður að gera 225 íbúðir á reitnum. Nánar um tillöguna vísast til

kynningargagna

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **21. júlí 2022 til og með 2. september 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 2. september 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

Puríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is